

**Ed.**

**152. Nefndarátt**

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 39, 11. júlí 1911, um sjúkrasamlög, og á lögum um breyting á þeim lögum, nr. 35, 3. nóv. 1915.

Frá allsherjarnefnd.

Það hefir komið í ljós, að sjúkrasamlög þau, sem stofnuð hafa verið, hafa ekki getað borið sig með þeim landssjóðsstyrk og iðgjöldum, sem þau hafa notið. Frumvarp þetta fer fram á að ráða nokkra bót á því með tvennu móti, að landsjóður greiði  $\frac{1}{4}$  hluta þess kostnaðar, er samlögin verða að greiða til sjúkrahúsa, og að samlagsmenn sjálfir greiði  $\frac{1}{4}$  hluta þeirra lyfja, er þeir fá utan sjúkrahúss.

Allsherjarnefndin, sem háttv. deild fal málið, hefir nú athugað frumvarpið og fallist á ástæður þær, er því fylgja, og leggur því til, að frumvarpið nái fram að ganga óbreytt að efni.

Leggjum vjer að eins til, að gerðar verði eftirfarandi orðabreytingar, sem gerð verður grein fyrir í framsögu:

1. Við 2. gr. Tvær fyrstu málsgreinarnar: »upphaf . . . á undan« falli burt.
2. — - — Í stað orðanna: »i sömu lagagrein« komi:  
i 3. gr. sömu laga.

Alþingi, 24. júlí 1917.

Magnús Torfason,  
form.

Kristinn Danielsson,  
ritari og frsm.

H. Hafstein.